



Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 9. júlí 2021
Tilv.: UMH21040012/8.6.1

Umsókn yðar um styrk vegna framkvæmda við fráveitur á árunum 2020 og 2021 hefur verið samþykkt. Styrkfjárhæðin nemur 30% af staðfestum heildarkostnaði vegna framkvæmda á árunum 2020 og 2021. Ráðuneytið greiðir aðeins út styrki á grundvelli reikninga sem þegar hafa verið greiddir. Hér með er óskað eftir:

- Yfirliti um öll útgjöld vegna framkvæmda ársins 2020 og skal það staðfest af endurskoðanda sveitarfélagsins. Afrit af öllum reikningum skulu fylgja yfirlitinu ásamt staðfestingu á að þeir hafi verið greiddir.
- Yfirliti um öll áfallin útgjöld vegna framkvæmda ársins 2021 og skal það staðfest af endurskoðanda sveitarfélagsins. Afrit af öllum reikningum skulu fylgja yfirlitinu ásamt staðfestingu á að þeir hafi verið greiddir.

Þá er óskað eftir að fyrir 15. janúar 2022 berist yfirlit um öll áfallin viðbótarútgjöld vegna framkvæmda ársins 2021 og skal það staðfest af endurskoðanda sveitarfélagsins. Afrit af öllum reikningum skulu fylgja yfirlitinu ásamt staðfestingu á að þeir hafi verið greiddir.

Framangreint skal sent rafrænt á netfangið uar@uar.is.

Í byrjun árs 2022 verður auglýst á ný eftir styrkjum vegna framkvæmda við fráveitur. Mikilvægt er að með þeirri umsókn sendi umsækjendur heildaráætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á næstu árum ef það hefur ekki þegar verið sent inn.

Fyrir hönd ráðherra

Kjartan Ingvarsson

Hafsteinn Pálsson

